

## Fundur í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík haldinn fimmtudaginn 26. september

2022 kl. 15:00 í stofu A-7 í aðalbyggingu.

Mætt voru: Stefán Hilmarsson formaður  
Sigyn Blöndal Kristinsdóttir,  
Brynja Björk Magnúsdóttir, fulltrúar mennta- og barnamálaráðuneytisins  
Diljá Ámundadóttir Zoëga,  
Sandra Hlíf Ocares, fulltrúar Reykjavíkurborgar  
Þórdís Eyvör Valdimarsdóttir, áheyrnarfulltrúi kennara  
Birna Imsland, fulltrúi foreldraráðs  
Ólöf Thelma Arnþórsdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda  
Kolfinna Jóhannesdóttir, skólameistari  
Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

### 1. Kynning á hlutverki skólanefndar fyrir nýjum fulltrúum

Skólameistari kynnti nýja fulltrúa í skólanefnd, áheyrnarfulltrúa kennara, foreldra og nemenda og nýjan fulltrúa sem tilnefndur er frá Reykjavíkurborg, Söndru Hlíf Ocares. Farið var yfir hlutverk skólanefndar eins og kveðið er á um í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Þar segir meðal annars að skólanefnd skuli vera skólameistara til samráðs um námsframboð, samninga og starfsmannamál og veita umsögn um fjárhagsáætlun. Rætt var um aðkomu skólanefndar að stuðningi við eflingu á þjónustu sem lítur að bættri líðan nemenda.

### 2. Kosning formanns til eins árs

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skal skólanefnd kjósa sér formann til eins árs. Sitjandi formaður Stefán Hilmarsson og Diljá Ámundadóttir Zoëga varaformaður gáfu kost á sér áfram og var tilnefning þeirra samþykkt einróma.

### 3. Skólastarfið á haustönn

Skólameistari greindi frá helstu viðburðum í skólastarfinu sem af er hausti. Peysufatadagur var haldinn hátíðlegur sl. föstudag. Nemendum og starfsfólki var boðið á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þátttaka var mikil og ánægja með tónleikana. Erlendir gestir hafa verið í skólanum í tengslum við Erasmus verkefni. Um er að ræða samstarf milli skóla á Íslandi, í Þýskalandi, Eistlandi og Póllandi. Auk þess hafa erlendir gestir á eigin vegum, litið við og fengið að ræða við kennara og fylgjast með skólastarfi. Skólahjúkrunarfræðingur hóf vinnu við skólann í haust í tengslum við samkomulag milli framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Skólinn fékk heimsókn frá Berginu og Geðlestinni. Mikil og góð aðsókn er í mötuneytið. Ákvörðun hefur verið tekin um að skólinn sé hnetulaus skóli. Þá voru kynntar tölur um innritun nýnema. Haustið 2022 var innritað í níu bekki inn á fyrsta ár, fjóra bekki á félagsvísindabraut og fimm á náttúruvísindasvið.

### 4. Fréttir úr félagslífi nemenda

Forseti Keðjunnar fór yfir hvað hefur verið á döfinni sem af er hausti. Starf Keðjunnar hefur mikið tengst móttöku nýnema, að bjóða þau velkomin og kynna fyrir þeim skólann og félagslífið. Haldin hafa verið nýnemakvöld, nýnemaball og nýnemaferðir sem er sameiginlegt verkefni Keðjunnar og skólans. Leikfélagið Fúría er komið á fulla ferð,

spunanámskeið komin af stað, málfundafélagið Loki er að undirbúa val í lið fyrir MORFÍS og Gettu betur og aðrar nefndir byrjaðar að starfa.

#### **5. Fundargerðir kennarafunda**

Fundargerðir kennarafunda 17. ágúst sl. og 26. ágúst sl. lagðar fram.

#### **6. Rekstrarstaða eftir átta mánuði**

Rekstrarstaða skólans miðað við átta mánuði var kynnt. Farið var yfir fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga og greint frá því að vinna við endurskoðun á reiknilíkani framhaldsskóla væri að hefjast.

#### **7. Húsnæðismál**

Kynnt var yfirlit skólans um þörf fyrir viðhald og framkvæmdir næstu misseri. Þá var einnig rætt um framkvæmdir á vegum Fjársýslu ríkisins við Miðbæjarskólann sem ganga vel. Rætt var sérstaklega um aðgengi fatlaðra að húsnæði skólans og kom fram að fyrir liggja teikningar sem sýna hvar hægt er að koma fyrir lyftum.

#### **8. Önnur mál**

Skólameistari lagði fram próförk að grein um skólann sem birtast mun í ritröðinni *Ísland, atvinnuhættir og menning*.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:35.